

# FÓKUS

## Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

### ÁRSSKÝRSLA 2013

#### Stjórn Fókus síðasta starfsár hefur verið þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Guðjón Vilhjálmsson
<i>Ritari og varaformaður</i>	Arna Harðardóttir
<i>Meðstjórnendur</i>	Hjörleifur Halldórsson Hjörtur Sturluson Lilja Björk Kristinsdóttir
<i>Varamenn</i>	Elísabet Guðmundsdóttir Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir

#### Fræðslufundir og ráðstefnur

Árleg heilbrigðisráðstefna á vegum Fókus og Ský var haldin þann 20. febrúar á Grand hóteli undir yfirskriftinni „Raunsýn – Draumsýn – Sýn heilbrigðisstarfsmanna á sjúkraskrárgögn“.

Á ráðstefnunni fluttu fimm einstaklingar erindi. Ingi Steinar Ingason frá Embætti Landlæknis talaðu um samtengda rafræna sjúkraskrá og hvernig allir geti fengið aðgang að því sem þeir þurfa. Helga H Bjarnadóttir frá Landspítala Háskólasjúkrahúsi sagði frá vöruhúsi gagna á Landspítalanum. Næst kom erindi frá Sjúkratryggingum Íslands, Benedikt Benediktsson fræddi okkur um hvernig upplýsingar Sjúkratrygginga geta nýst heilbrigðisstarfsmönnum. Björn Jónsson frá Landspítalanum fræddi okkur um nýjungar á Landspítalanum, þ.á.m. Heilsugáttar app og nýtt svara- og beiðnakerfi. Að lokum heyrðum við í Kristjáni Guðmundssyni frá heilsugæslustöðinni í Glæsibæ segja frá Sjúklingaportal, spennandi verkefni sem miðar að því að veita almenningi aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum.

Heilbrigðisráðstefnan heppnaðist vel í alla staði, þátttakendur voru 70 og almenn ánægja með fyrirlestra en meðaleinkunn fyrirlestra var 4,69 af 5 mögulegum.

Ekki reyndist unnt að hafa fræðsluerindi á vormánuðum.

Í október héldum við sameiginlegan hádegisfund með öryggishópi Ský sem bar yfirskriftina “Hvar eiga viðkvæmar persónuupplýsingar heima?” Fjórir ræðumenn fluttu erindi, Þórður Sveinsson frá Persónuvernd steig fyrstur í pontu og fjallaði um hvaða lög gilda um viðkvæmar persónuupplýsingar. Næstur í röðinni var Arnar Pálsson frá Capacent sem ræddi um hvaða kostir eru vænlegir til framtíðar þegar kemur að vistun viðkvæmra persónuupplýsinga. Sigríður Haraldsdóttir frá Embætti Landlæknis sagði okkur næst frá þeirri vinnu sem embættið hefur unnið varðandi samræmingu á skráningu í sjúkraskrár. Að lokum steig Guðjón Vilhjálmsson frá TM Software í pontu og sagði frá verkefni sem snýr að því að samtengja sjúkraskrár á landsvísu.

Þetta var í fyrsta sinn sem Fókus heldur fræðslufund í samstarfi við annan faghóp og jafnframt í fyrsta sinn sem Fókus kemur að því að halda hádegisfund og var almenn ánægja með það hvernig til tókst.

Þátttakendur á hádegisfundinum voru 77 og meðaleinkunn fyrirlesara var 4,36 af 5 mögulegum.

Að venju var fræðslufundur í tengslum við aðalfund og að þessu sinni flutti Steinunn Valdimarsdóttir kynningu á starfsemi Staðlaráðs og sagði frá þróun staðla í upplýsingatækni á heilbrigðissviði hér á landi og erlendis.

### **Erlend samskipti**

Arna Harðardóttir ritari Fókus hafði áfram umsjón með erlendum samskiptum. Þessu starfi fylgir m.a. seta í fulltrúaráði EFMI. Arna sótti, ásamt Guðjóni og Hirti, MedInfo 2013 og setti sig þar í samband við framkvæmdarstjóra IMIA (International Medical Informatics Association) og úr varð að Skýrslutækni félagið og Fókus eru nú að vinna að því að sækja um aðild.

### **Lokaorð**

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á árinu, fyrirlesurum þeirra framlag og þáttakendum fyrir komuna.

Stjórn Skýs og öryggishópur Ský fá einnig sérstakar þakkir fyrir gott samstarf.

Reykjavík 2. desember 2013, Guðjón Vilhjálmsson, formaður Fókus.